

## Rubbol Azura

Olíulakk 80%

### Efnislýsing

Rubbol Azura er hágæða, hágljáandi, terpentínubynnanlegt alkýð pólýúretanlakk, ætlað til notkunar innan- og utanhúss. Lakkid er auðvelt í notkun, hylur einstaklega vel, heldur gljáanum og gulnar ekki með tímanum. Rubbol Azura er ætlað á við, málm og harðplast og myndar einstaka háglansandi, ógagnsæja gæðafilmu þegar undirlagið hefur verið undirbúið á viðeigandi hátt með Rubbol Primer.

### Meðhöndlun

#### Grunnur

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Undirlag skal vera hreint og þurrt. Fyllið í misfellur og yfirborðsgalla með Nordsjö Snickeri spartli. Grunnið með Rubbol Primer.

#### Miðumferð

Slípið yfirborðið létt og notið millilag af Rubbol Azura. Berið ríkulega í pensilinn og dragið lakkid létt út á flötinn.

#### Lokaumferð

Slípið létt yfir yfirborðið áður en lokaumferð af Rubbol Azura er borin á. Berið ríkulega í pensilinn og dragið lakkid létt út á flötinn.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innan- og utanhúss

**Tegund:** Alkýð pólýúretan

**Gljástig:** Hágljáandi 80 GU/20°. Endanlegur

gljái kemur fram eftir 2-3 vikur

**Hiti við málun:** 5-30°C

**Rakastig:** Mest 85%

**Þurrefni:** Um 78% +/- 2% af vigt og um 65% +/- 3% af rúmmáli

**Þéttleiki:** 1,10

**Ráðlögð þykkt við 23°C/50% raka:** Þurrt: Um

40-45 míkrón (þurr filma fyrir hverja umferð)

Blautt: Um 70 míkrón

**Rykfrítt:** Um 2 klst

**Snertipurtt:** Um 4 klst

**Yfirmálun:** Um 18 klst

**Þynning:** Efnid er tilbúið til vinnslu

**Verkfæri:** Penslar

**Þekja:** Um 14 m<sup>2</sup>/l

**Litur:** Hvítur

**Umbúðir:** 1 og 2,5 lítra dósir

**Geymsluþol:** Um 3 ár í vel lokuðum ílátum

**Hreinsun:** Terpentina

**Geymsla:** Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** (fl. A/d) 300g/l (2010). Inniheldur mest 300g/l